

Búðardalur 25. Maí 2022

Kæra fræðslunefnd

Mig langar að benda fræðslunefnd á mikilvægi þess að starfsmenn fái fræðslu og innsýn inní ADHD röskun. ADHD samtökin bjóða uppá mjög faglegt námskeið sem er ætlað kennurum og öðru starfsfólki sem vinna með börnum með ADHD. Um er að ræða fjögura klukkutíma fjarnámskeið sem er kennt tvo laugardaga í haust 27. Ágúst og 3. September, hvort hægt er að óska eftir kennslu fyrir alla starfsmenn skólans þekki ég ekki en sjálfsagt hægt að hafa samband við ADHD samtökin.

Ég myndi telja það vera til hagsbóta fyrir kennarar og annað starfsfólk að fá innsýn í ADHD. Á námskeiðinu er farið yfir líðan nemenda með ADHD og áhrif á námsframvindu þeirra. Þá er fjallað um kvíða og depurð, hvernig hægt er að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra. Þá er einnig farið yfir hagnýtar leiðir í kennslu og umönnun barna með ADHD. Hvernig hægt er að auka getur þeirra í námi, samstarfi og leik.

Miðað við ofangreindar lýsingar má áætla að þetta námskeið væri gildisaukandi fyrir starfsfólk og nemendur ADHD. Með dýpri þekkingu starfsfólks er Auðarskóli að bjóða uppá faglegra starf fyrir nemendur sína.

Upplýsingar um námskeiðið er hægt að finna inná vefsíðu ADHD samtakanna en einnig má hafa samband til að fá frekari upplýsingar og hvort það sé hægt að fá kennslu á starfsdegi skólans.

Vefsíða: www.adhd.is

Símanúmer: 581-1110

Með vinsemd og virðingu

Stefanía Björg Jónsdóttir